Skjal sótt af '0000000000' dags: 27.03 2026

BYGGINGARLÝSING

Bygginin mun fullbyggð hýsa heildstæðan 640 nemenda grunnskóla 1-10 bekk og 120 barna leikskóla, með tilheyrandi starfsmannfjölda. Húsið er byggt úr steinsteypu og kjallari að hluta ,þá verðu einnig íþróttasalur og sundlaug með tilheyrandi aðstöðu sambyggt skólarunum.
Hér er um 1. áfanga skólabyggingarinnar að ræða. Kennslurými á báðum hæðum ásamt leikskóla á jarðhæð og stjórnunarálmu á efri hæð. Í kjallara verða inntaksrými, tæknirými, geymslur og lagnagangar. Ein fólksylfta er í húsinu.

Burðarvirki :
Burðarvirki hússins bæði sökklar, burðarveggir, bitar, súlur, gólf, milligólf og hakplata eru úr jarmbentri steinsteypu.

Útveggir:
Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir zink-plötum í náttúrulegum lit. Að innan verða útveggir sandspartlaðir og málaðir. Hlutti þeirra verða með sjónsteyptri áferð og klæddir timbri vegna hljóðvistar.

Þak :
Þakvirki er stoðsteypt plata. Neðst verði eldsoðið pappalag, þá einangrun með steinull, snúðskorin í vatnshalla að niðurfollum. Vatnshellit yfirborð klætt PVC dúk og fergð með torfi og hellum að hluta (þaksvalir).

Gluggar og hurðir:
Gluggar verða álgluggar með rofinni kuldabrú settir í efttir uppsteypu. Litur Dökkgrár, stóku gluggar í skærum lítum. Allar hurðir eru álhurðir í álkerfi.

Innveggir og loft:
Steyptir og tláðnir innveggir eru pússaðir, spartlaðir og málaðir á hefðbundinn hátt. Hlutti þeirra verða með sjónsteyptri áferð. Allir léttir innveggir, klæðningar og niðurtekin loft eru úr gifsplötum spartlaðar og málaðar á hefðbundin hátt. Niðurtekin loft eru kerfisloft úr harðpressuðum steinullarplötum.

Neysluvatns- og frárennslislagnir:
Í húsinu eru hefðbundnar neysluvatns- og frárennslislagnir,

Raflagnir:
Raflagnir eru hefðbundnar raflagnir með 5 víra kerfi s.s skilmálar segja til um.

Hitalagnir:
Hefðbundnar ofnalagnir, en gólfhitalögn að hluta s.s. í anddyri og leikskóla.

Loftræsing:
Mannvirkið og öll rými þess eru loftræst í samræmi við reglugerðir. Loftræsisamstæður eru í tæknirými í kjallara. Loftræsing með útsogi frá lokuðum gluggalausum rýmum og snyrtingum.

Hljóðvist:
Sérstakur hljóðvistarhönnuður vinnur með hönnuðum að tryggri hljóðvist í samræmi við ákvæða11.1.2 gr. byggingareglugerð nr. 112/2012 um hljóðvist.
Bygginin er í flokki A skv. ÍST 45.
Lofthljóðeinangrun (55db): 20 sm steyptir veggir eru milli kennslurýma og opinna umferðarýma sem tryggja hljóðeinangrun, auk þess 15 sm tvöf. gifsveggir millirýma inna kennslusvæða. Í tónlistarrými verða þeir þó með tvöfaldri blikkgrind og 2 x 2 lög af gifsklæðningu og steinullareinangrun (60dB).
Högghljóðeinangrun (58db): Er tryggð með 24 sm þykkum staðsteyptum gólf plötum.
Ómtími: Lofthæð í rýmum takmörkuð við 3 m. Öll loft verða klædd hljóðdeyfandi klæðningum/plötum úr harðpressuðum steinullarplötum. Auk þess verður ómtími temraður með klæðningum innan á veggi.
Umhverfishávaði: Er hverfandi og ekki vandamál sókum staðsetningar í hverfinu og ekki þörf á sérstökum aðgerðum þar að lútandi, en geta má þess að þök eru tyrfð sem gera þau sérstaklega einangrandi gagnvart umhverfishávaða.

BREEAM vistvottun:
Stefnt er að því að bygging verði vottuð skv. BREEAM vistvottunarkerfinu.

U-gildi:

Byggingarhluti	Leyft hám. U-gildis (W/m2) K) Ti ≥ 15°C	15°C >Ti ≥5°C
Þak	0,15	0,25
Útveggur	0,25	0,30
Gluggar (karmar, gler vegið meðalt. k-gler)	1,7	2,0
Hurðir	1,7	2,0
Ofanljós	1,7	2,0
Gólf	0,20	0,25
Útveggir, vegið meðaltal	0,80	1,10
Kuldabrýr/ línutap Undirstöður	0,12 W/mK	
Útveggir/ gluggi/ hurð	0,03 W/mK	
Þak/ ofanljós	0,10 W/mK	

Ti í töflunni þýðir hitastig innanhúss.

LÓÐARFRÁGANGUR

Áfangaskipting:
Um er að ræða 1. áfanga af skólalóð grunn- og leikskóla. Í 1. áfanga verður gengið frá þeim hluta lóðarinnar sem tilheyrir leikskólanum. Einnig aðkomu og bílastæðum austan við byggingu og hluta af bílastæðum norðan við hana. Hluti af leiksvæði skólalóðar verður einnig fullgerður og bráðabirgða boltavöllur verður staðsettur á grunni 2.áfanga byggingar. Land verður að óðru leyti óhreyft vestan áfangaskila.

Aðkoma og aðgengi:
Aðkoma að skólanum er frá Vörðuvegi og Lindarstræti og eru bílastæði bæði við norður og austurhlið skólans, samtals 130 stæði. Þar af eru 6 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Sleppisvæði/skammtímastæði eru bæði norðan og austan við bygginu. Þreplausir stígar liggja að öllum aðalinngöngum frá bílastæðum. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að komast frá gangbraut á Vörðuvegi að norðurhlið skólans þreplaust. Hjólastæði verða við megin innganga, samtals um 140talsins. Öflugt stígakerfi liggur eftir lóðinni endilangri og tengjast þeir Urriðakotsstíg og stígnum meðfram lóðarmörkum að sunnanverðu. Einnig ganga stígar þvert á stallana. Tveir stígar liggja frá Vörðuvegi að inngöngum að norðanverðu. Aðkoma bíla með aðföng er greið að öllum þremur aðalinngöngum á norður og austurhlið byggingar. Leikskólalóð verður afgirt og eru tvö göngunhlið og eitt aksturshlið á gíróingu.

BÍLASTÆÐI

Sorp:
Sorpgerði er staðsett í námunda við aðalinngang á norðurhlið skólans. Hún rúmar allt að fjögur 1.100 litra ker og þrjú 660 litra ker auk nokkurra minni tunna. Aðkoma að sorpgerði fyrir sorpbíla er frá sleppisvæði.

Hæðarlega:
Mikill hæðarmunur er innan lóðar og er leiksvæðið á suðurhluta lóðar í stöðlum með gróðu- og grasfláum á milli. Lóðin er aðlöguð að uppgefnum G-stöllum sem fram koma á hæðabláði Eflu verkfræðistofu dags. 5. maí 2014. Næst skólanum að sunnanverðu eru dvalarsvæði í svipaðri hæð og gólfheð skólans meðfram alli hústáðinni.

Ofanvatnslausnir:
Regnvatn verður leitt af þökum og þettu yfirborði í grjótpúkk innan lóðar. Rennusteinar eru á jaðri gangstéttar bæði sunnan og norðan við hús, einnig fyrir miðju bílastæði. Þar fyrir utan eru vatnsrásir í grasi og er yfirborðsvatninu safnað í viðtaka / grjótpúkk á jaðri lóðarinnar. Sem öryggisráðstöfun eru yfirfallsör við púkkin sem munu tengjast regnvatnslögnum utan lóðar.

Yfirborðsefni:
Um helmingur bílastæða er með gegndrætpu yfirborði, s.s. grassteinir/grasgrindum og stór hluti af leiksvæðinu er einnig gras og gróður. Akgreinar og hluti bílastæða eru síðan malbikaðar. Leiksvæði meðfram suðurhlið hússins eru malbikuð, sem og körfuboltavöllur og stígar á suðurlóð. Stígar á norðurlóð eru hellulagðir og einnig svæði næst inngöngum á suðurlóð. Sem fallvörn undir leiktækj er um að ræða leikvallagúmmí (tartan) eða gúmmihellur og einnig gervigras. Gervigras er á tveimur sparkvöllum og er það í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Snjóbræðsla:
Helstu aðkomusvæði skólans eru með undirliggjandi snjóbræðslu, sem og bílastæði hreyfihamlaðra og leiksvæði næst byggingu.

Gras- og gróðursvæði:
Gróðurbelti eru fyrirhuguð meðfram Urriðakotsstíg og lóðarmörkum að sunnanverðu. Einnig verður gróður í fláunum á milli stallanna og eru það leiksvæði í sjálfu sér, þar sem hægt er að fara inní „skóg". Upp við gíróingu er gert ráð fyrir limgerði og þéttum runnagróðri. Þess utan er aðallega gert ráð fyrir trjám sem geta orðið nokkuð há, bæði laufté og barrté með mjög lágum undirgróðri. Þannig verður tryggt að yfirsýn verði tölverð innan lóðarinnar. Gróðurbeð eru við bílastæði austan við byggingu og á lóðarmörkum norðan til þar sem því verður við komið.

Búnaður og leiktæki á skólalóð:
Við val á leiktækjum er tekið tillit til aldurs barna og aðstæðna á lóð. Leiktæki skulu uppfylla öryggisstaðla en um leið falla að náttúrulegu yfirbragði lóðarinnar. Setpallar eru úr lerki eða óðrum sambærilegum viði. Á leikskólalóð er gert ráð fyrir afgirtu svæði fyrir allra yngstu börnin, þ.e. yngri en 1 árs. Fallundirlag er undir öllum leiktækjum þar sem er fallhæð og þykkt þess í samræmi við fallhæð.

Raflýsing:
Hefðbundnir 5m ljósastaurar eru við bílastæði og helstu aðkomustiga. Einnig er lýsing við boltavelli og á jaðri leiksvæða.

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi er niðurstöðutexti brunavarna sem nánar er gerð grein fyrir í brunahönnun byggingarinnar í skýrslu VSI nr. 14-108 bh01 í júlí 2015.
Bygginin verður byggð í áföngum og er hér 1. áfanga lýst.

Flokkun og notkun byggingar:
Bygginin er skólabygging sem verður á tveimur aðalhæðum ásamt þjónustukjallara undir hluta hússins (í kjallara 3. áfanga kemur íþróttahús).
Öll bygginin er hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar. Bygginin telst að mestu vera í notkunarflokki 1 en þó að hluta í notkunarflokki 5 (leikskóli og 1.-4. bekkur grunnskóla).

Brunahólfun:
Kjallari skólabyggingar er sér meginbrunahólf, aðskilinn frá efri hæðum með REI90 hæðaskilum (skilin eru að 3.áfanga). Allur 1. áfangi utan kjallara er eitt meginbrunahólf (xx m2) og reiknað er með að 2. áfangi bætist við í meginbrunahólfið þegar hann verður byggður (vestari hluti skólabyggingar). Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI 60 veggir með EI2 30-CSa/E 30-CSa hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.
Í 1. áfanga er opið gangrými skólabyggingar á tveimur hæðum ásamt bóksafni, eitt brunahólf en tvö reykhólf.
Byggingin er byggð upp af mörgum riflega 17m x 17m rýmum sem ýmist hafa hlutverk heimasvæðis eða tómstundarýmis og sérgreina. Hvert slíkt rými mynda eitt brunahólf. Leikskóladeildir mynda þrjú brunahólf. Stjórnunarálma er eitt brunahólf. Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem sleppa þeim við boð frá brunaviðvörunarkerfi.
Lárétt bil milli glugga tvegga rýma í 90° innhorni verður alls staðar meira en 2 metrar, nema þar sem gluggar verða með E 30 brunakröfu.

Stigahús :
Eitt opið stigahús er í opnu gangrými í miðhluta skólans. Stigahús tenglst kjallara um brunastúku.

Burðarvirki :
Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R90. Brunamótstaða efstu hæðar verður a.m.k. R60. Hæðaskil verða a.m.k. REI90. Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R60. Brunamótstaða burðarvirkis svala verða R60 eða uppfylla skilyrði gr. 132.9 í byggingarreglugerð.

Klæðningar:
Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Allar innanhússklæðningar verða í flokki 1; eða K210 B-s1,d0.
Gólfefni verða í flokki G; eða Dfl-s1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Utanhússklæðningar verða almennt í flokki 1; eða K210 B-s1,d0.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof) (t2). Yfir þakklæðningu kemur torþak.
Röraeinangrun skal almennt vera úr óbrennanlegum efnum, A2L-s1,d0.

Flóttaleiðir:
Skv. byggingarreglugerð má flóttavegalengd í útgang eða annað brunahólf,mest vera 39 m með tilkomu vatnsúðakerfis. Flóttaleiðir eru alls staðar innan við 39 m.
Frá hverju brunahólfi eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Úr heimasvæðum eru ýmist flóttaleiðir fram á gang, í gegnum samtengt heimasvæði eða með leið út í sáltvott brunahólfið/reykhólfið.
Flóttaleið frá lagnagangi í kjallara í austurhluta er m.a. upp um niðurfellanlegan stiga í gegnum tæknirými á 1. hæð. Auðvelt skal vera að opna björgunarop og fella niður stiga í neyðartilfelli.
Flóttaleiðir eru að óðru leyti tilgreinðar á aðaluppdráttum.
Hurðir út frá öllum svæðum miðsrýmis eru með neyðarslá skv. neyðarhandfangi skv. ÍST EN 1125.
Hurðir frá opnu gangrými innbyrðis eða beint út skulu búnar neyðaropnunarbúnaði (panik) skv. ÍST EN 1125. Stórir hurðarflekar í gangrými verða rafknúnir þannig að efttir að þeir loka við brunaboð mun átak á þá virkja rafstýringu sem opnar hurð.
Hurðir frá heimasvæðum, óðrum kennslurýmum og tónlistarskóla skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad" skv. ÍST EN 179.
Við lyftur skal setja merki sem á stendur að lyftur skullu ekki notast í eldsvoða.
Öruggt svæði á efri hæð:
Á 2. hæð verða tvö bíðsvæði fyrir fatlaða í hjólastól. Annað svæðið er í austurenda kennarastofu þar sem er kaffi- og setustofa starfsfólks en þar er aðgangur að svölum sem hægt er að bjarga út um. Hitt bíðsvæðið er á vestasta heimasvæðinu í austurhluta skólans og verður fötluðum beint inn í vinnuaðstöðu kennara þar inni. Á þessum öruggu svæðum verður samskiptabúnaður til að láta vita af sér og verður hægt að tengjast Neyðarlínunni í 112 þar í gegn. Brotrofi verður á hurðum að öruggum svæðum þar sem þess er þörf.

Brunaviðvörunarkerfi:
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vakstöð. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis ásamt yfirlitsmynd verður í inntakslklefa slökkviliðs og útstöð verður í aðalanddyri og í móttöku í kennarastofu. Allur búnaður skal uppfylla viðkomandi EN staðla og skal viðvörun frá honum, uppsetning, allur rekstur og viðhald vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

Loftræsikerfi:
Loftræsikerfi skulu vera skv. DS 428 en einnig taka mið af ÍST EN 13501-3. Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Ef brunaboð skal loftræsikerfi stöðvast og bruna - og/eða reykloku lokast. Bruna- og reykloku EI 60-S verða í brunahólfunarskilum.
Reykloku verða almennt þar sem loftræsikerfi fara á milli megin brunahólfa. Sett verður upp prófunarstöð fyrir bruna - og reykloku sem prófar allar lokur á viku frestl.

Reyklosun:
Reyklosun frá opnu gangrými í austurhluta og miðhluta verður um glugga og hurðir, og auk þess er hægt að brjóta hringlaga þakglugga ef þörf er á.
Reykræsing frá geymslum verður um tvöfalda hurð og í gegnum loftræsirör sem er hvert rúmlega 30 cm að innra máli. Að óðru leyti verður hægt að reykræsa um glugga og hurðir.

Vatnsúðakerfi:
Sjálfvirk vatnsúðakerfi verður skv. ÍST EN 12845 og ÍST EN 12259. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. Kerfið verður hefðbundið blautkerfi í áhættuflokki OH1 skv. ÍST EN 12845.
Klefi með stjórnbúnaði fyrir vatnsúðakerfi verður í sér brunahólfi í kjallara og aðgengilegur utanfrá. Inntakstengi vatnsúðakerfis verður á 1. hæð ofan við tröppur að vatnsúðaklefa.

Stigleiðsla:
Stigleiðsla verður í byggingunni til að auðvelda slökkvistarf. Inntak fyrir stigleiðslu verður komið fyrir við hlið inntaks vatnsúðakerfis. Úttakstengi verður á 2. hæð í austurhluta ásamt því að gert verður ráð fyrir úttakstengi á 2. hæð í vesturhluta í 2. áfanga og í gangi í kjallara íþróttahúss í 3. áfanga. Stigleiðslan skal vera a.m.k. 80 mm að innanmáli og með 75 mm úttakstengjum fyrir slökkviliðið skv. gr. 9.8.5 í byggingarreglugerð. Inndæling inn á stigleiðslu verður á 1. hæð framan við stjórnherbergi slökkviliðs / vatnsúðaklefa.

Slöngukefli og slökkvitæki:
Slöngukefli skv. ÍST EN 671 verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn frammí á gangrýmum.
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett í öllum kennslurýmum og annars staðar þar sem brunaslöngur ná ekki til, við brunaslöngur en auk þess í kaffistofu kennara/starfsmanna og í tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfileigri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing:
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og óðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigahúsum og í flóttaleið opinna stiga, 1 lux á óðrum flóttaleiðum, en 0,5 lux í kennslurýmum stærri en 60 fm ásamt kennarastofu, og á salernum fyrir fatlaða og í fólksflýtum. Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í tæknirýmum. Lýsing þarf að vera utanhúss við útdyr flóttaleiða.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn:
Aðkoma er greið umhverfis bygginguna og er aðkoma slökkviliðs skilgreind við norðurinngang skólabyggingar. Vatnsúðakerfi er staðsettur í kjallara norðan megin með inndælingu á 1. hæð þar við útveg.
Dælt er inn á stigleiðslu á 1. hæð á sama stað. Tveir brunahanar eru við norðurhlið byggingarinnar; annar við horn Lindarstræts og Vörðuvegar og hinn við horn Vörðuvegar og Urriðakotsstígar. Hvor hani afkastar um eða yfir 25 l/min við um 2,1 bör skv. upplýsingum frá Eflu en þrýstingur aukast um 1 bar með tilkomu dælubrunns síðar.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa:
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, brunavarnabúnaði loftræsikerfa, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu, segulbúnaði hurða og/eða Swing-free hurðapumpubúnaði).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Urriðaholtsskóla.

URRIÐAHOLTSSKÓLI Í GARÐABÆ

Heimilisfang:	Vörðuvegur 1-3, Garðabæ
Fastanúmer:	232-9928
Landnúmer:	215188
Staðgreinir:	1300-1-95200010

1.áf. stæðir :

	m2	m3
(Botn		560,6)
Kjallari	572,8	2.012,2
1. hæð	2.686,3	11.042,3
2. hæð	1.970,0	10.117,8
3. hæð	28,3	193,2
Samtals (BR)	5.257,4	23.926,1
Lóðarstærð	28.572,0	
Nýtingarhlutfall	0,18	

C:
B:
A:
BREYTINGAR: DAGS:

Lóðahönnun: Landform ehf - Oddur Hermannsson

URRIÐAHOLTSSKÓLI GARÐABÆ 1. ÁF.

AÐALUPPDRÁTTUR

VERK:	URRI 1331
KVARÐI:	1:250
DAGS:	02.06.15
TEIKN:	BÓS
SKRÁ:	Grunnur.dwg

AFSTÖÐUMYND

ÚTI **INNI**

A R K I T E K T A R
INNGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 562 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
NETFANG VEFFANG: uti.inni@uti.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ 120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ 021256-7579

A-101